



SKIPULAGSLÝSING

Nýtt deiliskipulag fyrir skóla- og íþróttasvæði

14.08.2020



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Almennt	3
1.2	Skipulagslýsing	3
2	FORSENDUR	4
2.1	Viðfangsefni og markmið	4
2.2	Umhverfi og staðhættir	4
2.3	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.3.1	Aðalskipulag	5
2.3.2	Deiliskipulag	6
3	DEILISKIPULAG	7
4	KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ	8
4.1	Kynning og samráð	8
4.2	Drög að skipulagsferlinu	9
5	HEIMILDASKRÁ	10

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Skóla- og íþróttasvæði Hafnar í Hornafirði. Mynd: Alta [2].	3
MYND 2.1	Staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis afmarkað gróflega með rauðri brotalínu.	4
MYND 2.2	Yfirlit yfir meiri hluta starfsemi innan skipulagssvæðisins. Mynd: Alta [2].	5
MYND 2.3	Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins, mynd úr þéttbýlisupprætti sveitarfélagsins.	6
MYND 2.4	Deiliskipulagssvæði á og við fyrirhugað skipulagssvæði.	7

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2.1	Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins.	6
TAFLA 2.2	Yfirlit gildandi deiliskipulagsáætlana innan og við fyrirhugað skipulagssvæði.	7

1 INNGANGUR

1.1 Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur hug á því að styrkja miðsvæði bæjarins umhverfis skóla- og íþróttasvæðið og leggja línurnar fyrir þróun þess. Stefnt er að því að endurskipuleggja svæðið með það að markmiði að efla enn frekar aðstöðu til íþróttaiðkunar, lagfæra skólalóðir og efla svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaðar, allan ársins hring. Landsvæði á Höfn í Hornafirði er takmarkað og því afar brýnt að við framtíðaruppbyggingu sé unnið með skýra heildarsýn fyrir svæðið. Í gildandi aðalskipulag Hornafjarðar er skipulagssvæðið skilgreint sem miðsvæði, íþróttasvæði, samfélagsþjónusta og opið svæði. Á svæðinu er fyrirhuguð frekari uppbygging samfélagsþjónustu í bland við íþróttastarfsemi og þjónustu sem styður við núverandi byggðamynstur [1]. Gildandi deiliskipulagsáætlanir, sem ýmist eru að fullu eða hluta innan skipulagssvæðisins, munu falla að úr gildi og mörk þeirra aðlöguð að nýju skipulagi, við staðfestingu nýs deiliskipulags eftir því sem við á. Ráðgjafafyrirtækið Alta vann skipulagsforsögn fyrir miðsvæði Hafnar í Hornafirði í mars 2019 [2].



MYND 1.1 Skóla- og íþróttasvæði Hafnar í Hornafirði. Mynd: Alta [2].

1.2 Skipulagslýsing

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir miðsvæði, skóla- og íþróttasvæði Hafnar í Hornafirði. Skipulagslýsingin er unnin í samræmi við gr. 5.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 [3].

Tilgangurinn með gerð lýsingarinnar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal bæjarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni [4]. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.



Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

2 FORSENDUR

2.1 Viðfangsefni og markmið

Í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er gert ráð fyrir uppbyggingu á miðsvæði Hafnar, skóla- og íþróttasvæði. Fyrirhugað er að svæðið myndi samfellu í kjarna byggðarinnar. Skipulagssvæðið er um 11 ha að stærð. Á mynd 2.1 má sjá afmörkun fyrirhugaðs skipulagssvæðis.



MYND 2.1 Staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis afmarkað gróflega með rauðri brotalínu.

Með deiliskipulaginu er verið að skapa grundvöll til frekari uppbyggingar á skóla- og íþróttasvæði Hafnar í Hornafirði til þess að mynda sterkari miðkjarna í bæjarfélaginu.

2.2 Umhverfi og staðhættir

Svæðið afmarkast af Hafnarbraut og Víkurbraut, utan íbúðasvæðis innan þessa svæðis, auk sparkvalla norðaustan við Víkurbraut milli Flákaleiru og Bugðuleiru. Innan svæðisins er að finna ýmiskonar þjónustu og starfsemi, s.s. íþróttasvæði og skóla. Tengjast því flestar byggingar og mannvirki innan svæðisins þeirri starfsemi. Sindravellir, fótbolta- og frjálsíþróttavöllur fyrir miðju svæðinu, er áberandi og afgerandi kennileiti. Vestan vallarins er áhorfendastúka, og æfingasvæði fyrir knattspyrnu er á grasvelli við Víkurbraut, austan Sindravalla. Hafnarskóli og Heppuskóli eru á norður og vesturhluta svæðisins og syðst er húsnæði fyrir starfsemi Vegagerðarinnar og Skinneyjar-Pinganess. Íþróttahús Hafnar er sambyggt Heppuskóla og fer íþróttakennsla grunnskólans þar fram. Ungmennafélagið Sindri hefur afnot af húsinu utan skólatíma fyrir sitt íþróttastarf auk þess sem húsnæðið er leigt út fyrir viðburði. Sundlaug Hafnar er nyrst á svæðinu og við hana er útivistarsvæði sem gegnir einnig hlutverki hátíðar- og samkomusvæðis. Meðfram Hafnarbraut er verslunar og þjónustusvæði Hafnar ásamt stjórnsýslu og löggæslu. Báran, fjölnota íþróttastaða er sunnan Sindravalla og er hún opin öllum á

opnunartíma. Grunnskólinn nýtir Bárana undir íþróttastarfsemi og nemendur nýta sér Bárana í frímínútum. Vestan við Bárana eru strandblakvellir [2]. Helstu umferðaræðar svæðisins eru Víkurbraut og Hafnarbraut. Veðursfarslega hefur Suðausturland talsverða sérstöðu samanborið við aðra landshluta. Þar er tiltölulega hlýtt, hitasveiflur fremur litlar og mikil úrkoma að meðaltali [1]. Á mynd 2.2 má sjá yfirlit yfir helstu mannvirki og starfsemi svæðisins.



MYND 2.2 Yfirlit yfir meiri hluta starfsemi innan skipulagssvæðisins. Mynd: Alta [2].

2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

2.3.1 Aðalskipulag

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli gildandi aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 þar sem svæðið er skilgreint sem miðsvæði (M), íþróttasvæði (ÍÞ), samfélagsþjónusta (S) og opið svæði (OP). Á mynd 2.3 má sjá landnotkunarreiti svæðisins úr þéttbýlisuppdraetti sveitarfélagsins.



MYND 2.3 Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins, mynd úr þéttbýlisupprætti sveitarfélagsins. Rauð lína afmarkar gróflega skipulagssvæðið.

Í stefnu aðalskipulags Hornafjarðar kemur fram að stefnt sé að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld. Gert er ráð fyrir nýbyggingum fyrir verslun, þjónustu, menningarstarfsemi og trúarstofnunum meðfram Hafnarbraut frá Víkurbraut að Bogaslóð (að hluta til innan skipulagssvæðisins). Uppbyggingunni er ætlað að móta markvissa götumynd og heilsteypt miðbæjarrými. Lagt er til að byggingar þar séu á einni til þremur hæðum. Meðfram Víkurbraut, frá Hafnarvík að Bugðuleiru er svæði fyrir verslun, þjónustu og menningarstarfsemi. Meðfram Víkurbraut, milli Bugðuleiru og Fákaleiru, er svæði fyrir tveggja hæða verslunar- og þjónustuhús með íbúðum á efri hæð. Á miðsvæðinu er m.a. gert ráð fyrir byggð og allt að 250 gistirýmum. Innan svæðisins eru tveir grunnskólar, Hafnarskóli og Heppuskóli. Til stendur að stækka Heppuskóla og sameina starfsemi þeirra þar. Mun þá húsnæði og svæði Hafnarskóla nýtast undir aðra starfsemi. Áhersla er lögð á að skipulagssvæðið myndi eina heild, m.a. með góðu aðgengi innan og til og frá svæðisins. Í töflu 2.1 má sjá yfirlit landnotkunarreita og lýsingu þeirra í aðalskipulagi.

TAFLA 2.1 Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins.

NR. REITS	LANDNOTKUN	LÝSING
S1	Samfélagsþjónusta	Grunnskóli – Garðshóll. Uppbygging vegna skólans heimil, skv. deiliskipulagi. 1,0 ha.
S2	Samfélagsþjónusta	Grunnskóli – Víkurbraut. Uppbygging vegna skólans heimil, skv. deiliskipulagi. 1,3 ha.
Íþ1	Íþróttasvæði	Íþróttavellir og knattús í nágrenni grunnskóla milli Víkurbrautar og Garðshóls. Skipulagðir íþróttavellir og aðstaða sem þeim fylgir, byggingar til íþróttaiðkunar. 4 ha.
M1	Miðsvæði	Sjá umfjöllum um miðsvæði að ofan.
OP2	Opið svæði	Ósland – fólkvangur.

2.3.2 Deiliskipulag

Í dag er í gildi deiliskipulag fyrir miðbæjarsvæðið undir heitinu „Deiliskipulag miðbæjar Hafnar í Hornafirði“ [5]. Nær það til hluta þess svæðis sem hér er fjallað um. Á mynd 2.4 og í töflu 2.2 má sjá upplýsingar um þær deiliskipulagsáætlanir sem eru innan og/eða við fyrirhugað skipulagssvæði.



MYND 2.4 Deiliskipulagssvæði á og við fyrirhugað skipulagssvæði.

Eins og sjá má á mynd 2.4 er ekki í gildi deiliskipulag fyrir allt svæðið, á það t.a.m. við um Hafnarskóla og Víkurbraut 1. Með skipulagslýsingunni er markmiðið að mynda sterkari heild á skóla- og íþróttasvæði í miðkjarna bæjarfélagsins.

TAFLA 2.2 Yfirlit gildandi deiliskipulagsáætlana innan og við fyrirhugað skipulagssvæði.

NR.*	HEITI	TÓK GILDI	LÝSING
1	Deiliskipulag miðbæjar Hafnar í Hornafirði	1988	Að hluta innan skipulagssvæðis
2	Deiliskipulag við Víkurbraut, Höfn - Knattleikjáhús	2008	Innan skipulagssvæðis
3	Deiliskipulag tjaldsvæðis og íbúðarsvæðis við Fiskhól	2016	Mörk að skipulagssvæði
4	Deiliskipulag íbúðarsvæðis á Leirum	1993	Að hluta innan skipulagssvæðis
5	Deiliskipulag fyrir Krossey, hafnarsvæði	2013	Mörk að skipulagssvæði
6	Deiliskipulag Hafnarvíkur – Heppu	2011	Mörk að skipulagssvæði

*Í samræmi við mynd 2.4.

Skipulagssvæðis nær alfarið yfir eitt gildandi deiliskipulag og að hluta til tvö önnur, þá liggja mörk þess að þremur gildandi deiliskipulagsáætlunum. Við gerð nýs deiliskipulags þarf að gæta samræmis milli áætlana og skýra víxlverkandi áhrif skipulagsvinnu svæðisins og annarra deiliskipulagsáætlana. Hvorki er í gildi deiliskipulag fyrir Hafnarskóla og svæði umhverfis hann, né Víkurbraut 1.

3 DEILISKIPULAG

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið felur ekki í sér framkvæmdir sem eru taldar upp í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr.



106/2000 [6, 7]. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við gr. 5.4 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Megináhersla deiliskipulagsins er að afmarka lóðir, skilgreina byggingarreiti fyrir fyrirhugaða uppbyggingu og setja skilmála fyrir uppbyggingu í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Einnig verður lagður grunnur að vönduðum frágangi bygginga og uppbyggingar innan svæðisins. Þá er eitt markmiðið að stuðla að sjálfbæru og umhverfissvænu skipulagi með heildstæðu yfirbragði í sátt við umhverfi og samfélag. Skilgreindar verða öruggar umferðaleiðir fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu skv. skráningu gildandi aðalskipulags. Fornleifafræðingur verður fenginn til að skrá minjar á svæðinu skv. 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar [8].

4 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLIÐ

4.1 Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum eftir að hún hefur verið samþykkt af sveitarstjórn. Umsagnaraðilum og almenningi er gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og verður til sýnis á bæjarskrifstofu Hornafjarðar að Hafnarbraut 27, 780 Höfn. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á heimasíðu Hornafjarðar www.hornafjordur.is. Þeir sem hafa athugasemdir eða ábendingar við lýsingu þessa er bent á að hafa samband við Brynju Dögg Ingólfssdóttur umhverfis- og skipulagsstjóra Hornafjarðar fyrir 30. september 2020 á bæjarskrifstofu Hornafjarðar að Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið brynja@hornafjordur.is. Skilgreindir samráðs- og umsagnaraðilar í ferlinu eru:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands

4.2 Drög að skipulagsferlinu

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

Ágúst 2020	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsnefnd skv. 1 mgr. 40. gr. Skipulagslaga 123/2010.
Ágúst 2020	Lýsing afgreidd í sveitastjórn.
Ágúst/september 2020	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Janúar 2021	Tillaga að nýju deiliskipulagi tekin fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Febrúar/mars 2021	Tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Maí 2021	Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun skv. 3 mgr. 41. gr. skipulagslaga.
Júní 2021	Samþykkt sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýst í B – deild stjórnartíðinda skv. 42 gr. skipulagslaga.



5 HEIMILDASKRÁ

- [1] Sveitarfélagið Hornafjörður, Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030, Höfn: VSÓ, 2014.
- [2] Alta, Höfn í Hornafirði, miðsvæði. Skipulagsforsögn., Reykjavík: Sveitarfélagið Hornafjörður, 2019.
- [3] Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- [4] Skipulagslög nr. 123/2010.
- [5] Sveitarfélagið Hornafjörður, Skipulag Hafnarhrepps - miðbæjarskipulag, 1988.
- [6] Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- [7] Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- [8] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.